

Nd.

113. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Valtýr Kristjánsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar“ í IV. tölul. 11. gr. laga nr. 45 1950 komi: (þar á meðal vegna kalskemmda).

2. gr.

Á eftir orðinu „jarðræktar“ í 2. efnismálsgr. 6. gr. laga nr. 29 1955 komi: (þar á meðal vegna kalskemmda).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kal er einn mesti vágastur íslensks landbúnaðar. Tjón af völdum þess er stórkostlegt í miklum kalárum. Erfitt mun að gera sér grein fyrir, hversu háum upphæðum tjónið nemur, enda gætir áhrifanna mörg ár á eftir.

Árið 1962 mun vera eitt af þremur verstu kalárum síðan 1918. Misjafnt er tjónið eftir landshlutum, þó gætir þess um land allt. Í héruðum, sem harðast hafa orðið úti, fengu margir bændur hálfa uppskeru, miðað við meðalár, aðrir nokkru meira. Fyrningar voru engar s. l. vor. Fækkun húpenings var því óumflýjanleg í haust. Hey er hvergi fáanlegt og fóðurbætir dýr. Þó munu ýmsir bændur kaupa verulegt magn kjarnfóðurs og reyna á þann hátt að drýgja lítil hey.

Enginn veit, hvernig nýbyrjaður vetur reynist. Svo getur farið, að hann verði mörgum bóndanum þolraun, bæði efnalega og andlega.

En bændur hafa marga hildi háð við óblið náttúruöfl án þess að æðrast. Þegar vorið nálgast, vaknar athafnaþráin á ný, og bóndinn fer að hugleiða, hvernig hann eigi að græða þau kalsár, sem tún hans hefur orðið fyrir s. l. ár.

Í mörgum tilfellum verður ekki um annað að ræða en endurvinna verstu kalsléttunnar. Í núgildandi jarðræktarlögum eru ekki nein ákvæði, sem heimila, að greiddur sé styrkur út á slíka endurrækt. Frumvarp þetta til laga um breytingu á jarðræktarlögunum er borið fram í því skyni að ráða bót á þessu.

Nú kann einhver að slá því fram, að bændur geti oft eftir þessa lagabreytingu fengið styrk út á sömu sléttuna.

Því er til að svara, að jarðræktarstyrkurinn er rúmar 1200 krónur á ha. árið 1962, eða líðlega helmingur af þeirri upphæð, er fræið kostar á ha. Hjá Landnámi ríkisins reyndist kostnaður við ræktun 1962 8—12 þús. kr. á ha. eftir því, hvers konar land var um að ræða.

Enginn bóndi mun því, nema af brýnni nauðsyn, endurvinna tún sitt vegna hins mikla kostnaðar, sem það hefur í för með sér.